



Borgarráð

Forsetakosningar 27. júní 2020

Lagt er til að svohljóðandi tillögum vegna forsetakosninga sem haldnar verða 27. júní nk. verði vísað til afgreiðslu borgarstjórnar:

Lagt er til að kjörstaðir í Reykjavíkurborg kjördæmum við forsetakosningar verði þessir:

Suður:

Hagaskóli - 8 kjördeildir
Hlíðaskóli - 5 kjördeildir
Breiðagerðisskóli - 7 kjördeildir
Ölduselsskóli - 6 kjördeildir
Íþróttamiðst. Austurbergi - 8 kjördeildir
kjördeildir
Árbæjarskóli - 5 kjördeildir
Norðlingaskóli - 2 kjördeildir
Ingunnarskóli S - 2 kjördeildir

Norður:

Ráðhús Reykjavíkur - 10 kjördeildir
Kjarvalsstaðir - 5 kjördeildir
Laugalækjaskóli - 5 kjördeildir
Menntaskólinn við Sund - 7 kjördeildir
Íþróttamiðst. í Grafarvogi, Dalhúsum - 5
kjördeildir
Vættaskóli Borgir - 7 kjördeildir
Ingunnarskóli N- 2 kjördeildir
Klébergsskóli - 1 kjördeild

Fyrirvari er gerður um endanlegan fjölda kjördeilda.

Einnig er óskað eftir að borgarstjórn samþykki að borgarráði verði heimilt að samþykkja fjölgun kjörstaða ef nauðsynlegt þykir og eftir atvikum fækkun kjördeilda á hverjum stað. Áhugi er fyrir því að athuga hvort hægt verði að koma fyrir kjörstað í Borgarbókasafninu í Kringlunni til að þjóna Leitahverfi þar sem hefur orðið mikil fjölgun kjósenda frá síðustu kosningum. Í Reykjavíkurborg kjördæmi suður hefur skrifstofa borgarstjórnar áhuga á að skoða möguleika á kjörstað í Breiðholtsskóla til að þjóna Bakkahverfi og Stekkjum, í Dalskóla til að þjóna Úlfarsárdal sem og möguleika á kjörstað til að þjóna nýju hverfi við Hlíðarenda sem annars þyrfti að sækja í Hlíðaskóla handan Bústaðavegar. Einnig er í skoðun ýmist möguleikar á nýjum kjörstöðum til að þjóna gamla Vesturbænum og Grandahverfi. Allar þessar breytingar miða að og eru í samræmi við þá stefnumörkun Reykjavíkurborgar að auðvelda kjósendum aðgengi að kjörstöðum sínum og færa þessa þjónustu eins og aðra eins nálægt íbúum og mögulegt er.

Einnig er lagt til að borgarstjórn samþykki að þóknun fyrir störf í kjörstjórnnum verði sem hér segir:

Hverfiskjörstjórn kr. 98.000 -
Undirkjörstjórn kr. 60.000.

Þá samþykkir borgarstjórn að leita samþykkis yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæma að þær fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Jafnframt samþykkir borgarstjórn að fela borgarráði að afgreiða til fullnaðar eftirtalin verkefni vegna forsetakosninga 27. júní 2020; að staðfesta kjörskrá og úrskurða um breytingar á kjörskrá, ákveða kjörhverfi, skipa hverfisstjórnir og undirkjörstjórnir, taka ákvörðun um verkefni yfirkjörstjórna, sbr. 15. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis og 2. gr. 1 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands og ráða til lykta öðrum málum sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar í sambandi við kosningarnar.

Aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag verði: Reykjavíkurkjördæmi suður í Hagaskóla og Reykjavíkurkjördæmi norður í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar